

Lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna

(breytingar vegna tillögu stjórnarskrárnefndar auðkenndar)

2010 nr. 91 25. júní

- **1. gr.** Álykti Alþingi að fram skuli fara almenn og leynileg þjóðaratkvæðagreiðsla um tiltekið málefni eða lagafrumvarp fer um framkvæmdina samkvæmt lögum þessum. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er ráðgefandi.
- Lögin gilda einnig um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu sem fer fram skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr., 81. gr. og 2. mgr. 79-82. gr. stjórnarskrárinnar.
- **2. gr.** Um kosningarrétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. gr. fer á sama hátt og við alþingiskosningar. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.
- Mörk kjördæma skulu vera hin sömu og í næstliðnum alþingiskosningum.
- **3. gr.** Í þingsályktun skv. 1. mgr. 1. gr. skal, að fenginni umsögn landskjörstjórnar, kveðið á um orðalag og framsetningu þeirrar spurningar sem lögð er fyrir kjósendur.
- Á kjörseðli skal skýrt koma fram spurning um hvort kjósandi samþykki þá tillögu sem borin er upp og gefnir tveir möguleikar á svari: „Já“ eða „Nei“.
- Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.
- [Ráðuneytið]^Þ ákveður orðalag og framsetningu spurningar á kjörseðli í atkvæðagreiðslu skv. 3. mgr. 11. gr., 26. gr., 81. gr. og 2. mgr. 79-82. gr. stjórnarskrárinnar.
- [Ráðherra]^Þ setur nánari reglur^Þ um útlit og frágang kjörseðla.
- **4. gr.** Þjóðaratkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 1. gr. skal fara fram í fyrsta lagi þremur mánuðum og í síðasta lagi einu ári eftir að þingsályktunartillaga hefur verið samþykkt á Alþingi.
- Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram innan tveggja mánaða eftir að krafa Alþingis er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. stjórnarskrárinnar eða forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar skv. 26. gr. stjórnarskrárinnar.
- Þjóðaratkvæðagreiðsla skal fara fram í fyrsta lagi sex vikum og síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að krafa kjósenda skv. 81. gr. stjórnarskrárinnar hefur verið staðfest.
- Heimilt er að halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum samhliða kosningum til ...^Þ Alþingis eða forsetakjöri. Verði þjóðaratkvæðagreiðsla samhliða kosningum til Alþingis gilda ekki ákvæði 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr.
- **5. gr.** Alþingi ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 1. mgr. 1. gr. laga þessara og 3. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar innan þeirra tímamarka sem greinir í 4. gr. [Ráðuneytið]^Þ ákveður kjördag þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. og 81. gr. stjórnarskrárinnar.
- [Ráðuneytið]^Þ skal auglýsa atkvæðagreiðsluna einu sinni í Lögbirtingablaði og þrisvar

sinnum í Ríkisútvarpi á sem heppilegustum tíma en í síðasta lagi einum mánuði fyrir atkvæðagreiðsluna. Þar skal einnig birta spurninguna sem lögð verður fyrir kjósendur.

■ **6. gr.** Alþingi skal standa fyrir viðtækri kynningu á því málefni sem borið er undir þjóðaratkvæði skv. 1. mgr. 1. gr. Forsætisnefnd Alþingis skal setja nánari reglur um fyrirkomulag kynningar.

□ [Ráðuneytið]^Þ skal svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. [og 81. gr.](#) stjórnarskrárinnar senda öllum heimilum í landinu sérprentun laga [anna eða ályktunar](#) sem [forseti synjaði staðfestingarí hlut á](#). Þar skal jafnframt vakin athygli á því að frumvarpið til laganna [eða ályktunin](#) og öll skjöl varðandi meðferð [þessmáls](#) séu aðgengileg á áberandi stað á vefsíðu Alþingis.

■ **7. gr.** Undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórnir og landskjörstjórn eru hinar sömu og við alþingiskosningar.

■ **8. gr.** [Ráðuneytið]^Þ lætur yfirkjörstjórnnum í té kjörseðla sem nota skal við þjóðaratkvæðagreiðsluna. Yfirkjörstjórnir annast framsendingu þeirra til undirkjörstjórna með sama hætti og kjörseðla við alþingiskosningar.

■ **9. gr.** [Að þjóðaratkvæðagreiðslu lokinni senda undirkjörstjórnir oddvita yfirkjörstjórnar tafarlaust atkvæðakassana og ónotaða og ónýtta kjörseðla í þeim umbúðum er segir í lögum um kosningar til Alþingis. Á áður auglýstum stað og stund opnar yfirkjörstjórn atkvæðakassana og fer síðan fram talning atkvæða á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis. Um það hvort kjörseðill telst gildur eða ekki og um meðferð ágreiningsseðla fer samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis.

□ Landskjörstjórn skipar umboðsmenn í hverju kjördæmi sem hafa það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við atkvæðagreiðsluna, talningu atkvæða og úrlausn ágreiningsmála.]^Þ

■ **10. gr.** [Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til fundar til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn ráðuneytinu um niðurstöður sínar.]^Þ

□ [Ráðuneytið]^Þ auglýsir úrslit atkvæðagreiðslunnar í Lögbirtingablaði og Ríkisútvarpi.

□ Verði samþykkis synjað í þjóðaratkvæðagreiðslu skv. 26. gr. [eða 81. gr.](#) stjórnarskrárinnar skal [ráðuneytið]^Þ auk þess birta sérstaka auglýsingu þess efnis í A-deild Stjórnartíðinda ekki seinna en tveimur dögum eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar liggja fyrir.

■ **11. gr.** [Til þess að spurning eða tillaga sem er borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf hún að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni, [sbr. þó 2. mgr.](#)]^Þ

[Til þess að lögum eða ályktun teljist hnekkkt samkvæmt 4. mgr. 81. gr. stjórnarskrárinnar þarf meiri hluti, miðað við gild atkvæði, að hafa greitt atkvæði gegn þeim, þó þannig að um sé að ræða atkvæði að minnsta kosti fjórðungs kosningarbærra manna, sbr. 1. mgr. 2. gr.](#)

■ **12. gr.** Um atkvæðagreiðsluna sjálfa, undirbúning hennar og atkvæðagreiðslu utan kjörstaða og á kjörstað fer að öðru leyti samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis eftir því sem við á.

□ Kjörstjórnir nota sömu gerðabækur og við alþingiskosningar.

□ Ákvæði 114. gr. og XIX., XX., XXIV. og XXV. kafla laga um kosningar til Alþingis gilda um atkvæðagreiðslu samkvæmt lögum þessum að svo miklu leyti sem við getur átt.

■ **13. gr.** [Kærur um ólögmati atkvæðagreiðslunnar, aðrar en refsikærur, skulu sendar landskjörstjórn til úrlausnar eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund þann sem getið er um í 1. mgr. 10. gr.

□ Gallar á kosningu leiða ekki til ógildingar kosninga, nema ætla megi að þeir hafi haft áhrif á úrslit kosninganna.]^Þ

■ 13. gr. a. Aðeins þeir sem hafa kosningarrétt til Alþingis eiga rétt á að krefjast með undirskrift sinni bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um lög frá Alþingi sem hlotið hafa staðfestingu forseta Íslands eða tilteknar ályktanir Alþingis skv. 81. gr. stjórnarskrárinnar.

■ 13. gr. b. Tilkynna skal ráðherra ef fyrirhuguð er undirskriftasöfnun þar sem krafist er bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um lög frá Alþingi eða tilteknar ályktanir Alþingis skv. 81. gr. stjórnarskrárinnar. Tilkynninguna skulu undirrita a.m.k. þrjú einstaklingar sem uppfylla skilyrði 13. gr. a og í tilkynningunni skal geta skýrlega tilefnis undirskriftasöfnunar og ábyrgðaraðila hennar. Ábyrgðaraðili undirskriftasöfnunar skal vera einstaklingur, einn eða fleiri. Með ábyrgðaraðila er átt við þann aðila sem stendur fyrir undirskriftasöfnun.

Tilkynningin skal afhent ráðherra innan tveggja vikna frá því að viðkomandi lög hafa verið birt í Stjórnartíðindum eða Alþingi hefur samþykkt ályktun skv. 81. gr. stjórnarskrárinnar.

■ 13. gr. c. Telji ráðherra augljósa annmarka á fyrirhugaðri undirskriftasöfnun skal hann tilkynna það ábyrgðaraðila eins fljótt og unnt er.

■ 13. gr. d. Undirskriftasöfnun má hefja þegar tilkynning skv. 13. gr. b hefur verið móttækin af ráðherra. Henni skal ljúka eigi síðar en sex vikum eftir að viðkomandi lög hafa verið birt í Stjórnartíðindum eða Alþingi samþykkt ályktun.

■ 13. gr. e. Sé undirskriftum safnað á pappír rita kjósendur nafn sitt, dagsetningu undirskriftar, kennitölu og lögheimili. Á hverju blaði skal gert ráð fyrir sama fjölda undirskrifta. Á undirskriftalista skal koma fram skýrlega tilefni undirskriftasöfnunar, hverjir séu ábyrgðaraðilar, hvenær hún hafi hafist og hvenær henni ljúki. Ennfremur skal koma fram að óheimilt sé að bjóða fram eða veita viðtöku greiðslu fyrir undirskrift.

Þeir sem ekki eru færir um að rita nafn sitt eigin hendi geta falið öðrum að skrifa undir fyrir sína hönd enda sé unnt að sannreyna að slíkt umboð hafi verið veitt með gildum hætti.

■ 13. gr. f. Sé undirskriftum safnað rafrænt skal ábyrgðaraðili gera um það samning við Þjóðskrá Íslands. Þjóðskrá Íslands annast þá framkvæmdina og tryggir að söfnun undirskrifta uppfylli kröfur um auðkenningu og öryggi.

Þjóðskrá Íslands leggur til vettvang sem felur meðal annars í sér vefsvæði, auðkenningu, uppflettingu í þjóðskrá, skráningu undirskrifa og talningu.

■ 13. gr. g. Áður en sex vikna frestur til undirskriftasöfnunar er liðinn skal ábyrgðaraðili fá staðfestingu Þjóðskrár Íslands á að tilskilinn fjöldi hafi skrifað undir kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Hafi undirskriftum að hluta eða öllu leyti verið safnað á pappír skal hann afhenda þá lista Þjóðskrár Íslands í frumriti en einnig á rafrænu formi.

■ 13. gr. h. Ráðherra eða fulltrúi hans veitir undirskriftum viðtöku ásamt staðfestingu Þjóðskrár Íslands og staðfestir móttöku þeirra.

■ 13. gr. i Ráðherra úrskurðar svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan tveggja vikna um hvort öll skilyrði fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram séu uppfyllt. Ekki er hægt að bæta úr annmörkum á undirskriftunarsöfnun eftir að sex vikna fresturinn er liðinn.

Hafi fleiri en einn ábyrgðaraðili efnt til undirskriftasöfnunar um sömu ákvörðun Alþingis skulu undirskriftir lagðar saman ef þörf er á þannig að tilskildu lágmarki sé náð.

Hafi sami einstaklingur ritað nafn sitt oftár en einu sinni í undirskriftasöfnun eða söfnunum um sömu ákvörðun Alþingis skal undirskrift hans talin sem ein.

Ráðherra metur með hvaða hætti skuli sannreynt að undirskriftir stafi í raun frá þeim sem um ræðir.

■ 13. gr. j Ábyrgðaraðili getur skotið synjunarúrskurði ráðherra til úrlausnar Hæstaréttar innan tveggja vikna frá því að hann hefur mótttekið úrskurðinn.

■ 13. gr. k Bæði ábyrgðaraðilum og stjórnvöldum er óheimilt að afhenda óviðkomandi upplýsingar um hverjir hafi ritað undir kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Brot á þessari grein varða sektum.

■ 13. gr. l Óheimilt er að bjóða fram eða veita viðtöku greiðslu gegn því að nafn sé ritað undir kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu. Brot á þessari grein varðar sektum.

■ 13. gr. m. Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd undirskriftasafnana, frágang undirskriftalista og sannprófun undirskrifa.

■ **14. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.